

Fundur framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1021

Dagsetning: 2. apríl 2024 klukkan 9:00

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ), Sigrún Þóra Sveinsdóttir (SPS) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 19. mars 2024 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Sálfræðipjónusta í fyrstu línu

SPS fór yfir stöðu umbótaverkefnis um mótun verklags í fyrstu línu sálfræðipjónustu fullorðinna. Unnið er að því að bæta aðgengi fullorðinna að þjónustu sálfræðinga á heilsugæslustöðvum og skýra hlutverk og verklag sálfræðinganna. Framkvæmdastjórn tók vel í verkefnið og verður verklagið unnið áfram í samráði við sálfræðingana sem munu veita þjónustuna og innleitt þegar það er tilbúið.

4. Staða heilsugæslustöðva

Umræður um stöðu mála á nokkrum heilsugæslustöðvum sem hafa verið í erfiðri stöðu og leiðir til úrbóta.

5. Húsnæðismál

Rætt var um ýmis húsnæðismál. Upplýst var að viðgerðir á Heilsugæslunni Garðabæ séu í gangi en ekki sé enn komið í ljós hvort skipta þurfi loftræstikerfinu út, sem myndi tefja verkið. Einnig var rætt um stöðu Heilsugæslunnar Miðbæ. Hugmyndir um stækkun stöðvarinnar í aðliggjandi húsnæði verða væntanlega ekki að veruleika þar sem starfsemi í þeim hluta hússins er ekki að flytja, eins og reiknað hafði verið með. Næsta skref er að auglýsa eftir nýju húsnæði í miðbænum fyrir stöðina og verður það gert eins fljótt og hægt er.

6. Merkingar á starfsstöðvum

Umræður um merkingar á starfsstöðvum HH, bæði utan á húsnæði hvernar starfseiningar innanhúss.

7. Starfsmannamál

Umræður um ýmis starfsmannamál. Rætt um hugmyndir um að HH láti óháðan aðila gera úttekt á launamálum innan stofnunarinnar.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram vinnu við að þróa verklag fyrir sálfræðinga fullorðinna á heilsugæslustöðvum, sjá lið 3.
Ábyrgð: SÞS
- Vinna þarf áfram með heilsugæslustöðvum sem hafa verið í erfiðri stöðu og finna lausnir, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM og NSK
- Halda þarf áfram vinnu við endurbætur á húsnæði Heilsugæslunnar Garðabæ og auglýsa eftir nýju húsnæði fyrir Heilsugæsluna Miðbæ, sjá lið 5.
Ábyrgð: HÞ
- Ljúka þarf vinnu við merkingar stöðva, sjá lið 6.
Ábyrgð: HÞ
- Kortleggja þarf launamál innan HH og í framhaldinu kanna hvort fýsilegt sé að fá óháða úttekt á launamálum innan HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: SJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:55.